



Fundargerð

384. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 20. ágúst 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP) Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Eggert Ólafsson (EÓ) í forföllum Ágústs Más Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 381., 382. og 383. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, haldnir 11. júní, 8. júlí og 15. júlí 2015.

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar.

2. Mennta- og menningamálanefnd 14. ágúst 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1508011 – Kennslutímar skólaárið 2015-2016.

*Sveitarstjórn samþykkir aukningu á þremur kennslutímum skólaárið 2015-2016.
Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd 17. ágúst 2015.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1. 1502026 – Breyting á deiliskipulagi Fremri-Gufudals.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.2. 1501010 – Deiliskipulag lóða innan athafnasvæðis við Tröllenda.

*Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsdrög að athafnasvæði við Tröllenda og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagið skv. skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða.*

3.3. 1508012 – Umsókn um ræktunarleyfi á kræklingi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.4. 1506007 – Minnismerki um Gretti Ásmundarson.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.5. 1508013 – Hafnafundur Hafnasambands Íslands 2015.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.6. 1508014 – Húsnæðismál í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir að hefja vinnu við að finna skynsamlegar lausnir í húsnæðimálum sveitarfélagsins og felur skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd að vinna að undirbúningi málsins. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1508001 – Þjóðarsáttmáli um læsi.

Erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og Heimili og skóla, landssamtök foreldra, dagsett í júlí 2015.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að mæta fyrir hönd sveitarfélagsins og undirrita sáttmálann fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2. 1506013 – Boð á 60. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið á Patreksfirði 2. og 3. október 2015.

Fundarboð frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 14. ágúst 2015.

Samþykkt er að allir fulltrúar í sveitarstjórn mæti á þingið auk sveitarstjóra. KK og VB sækja fyrri þingdag. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf og koma þeim til Fjórðungssambandsins, atkvæði sveitarfélagsins dreifist á ÁBG, ÁMG og SRB.

3. 1507001 – Flotbryggja í Staðarhöfn.

Erindi frá notendum Staðarhafnar frá 30. apríl 2015.

Tillaga gerð um að hitta bréfitara á fundi og fara yfir málið. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að koma á fundi.

4. 1507002 – Listamannaþing 16. maí 2015, tillaga.

Erindi og tillaga frá Félagi vestfirskra listamanna ódagsett.

Sveitarstjórn vísar erindinu til umfjöllunar í mennta- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

5. 1508002 – Gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið Flatey.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 17. júlí 2015.

Sveitarstjórn tilnefnir Áslaugu Bertu Guttormsdóttur í samráðsnefnd um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey. Samþykkt samhljóða.

6. 1508003 – Upplýsingamiðstöð í Flatey, beiðni um áframhaldandi samstarf.

Erindi frá Gyðu Steinsdóttur fh. Þrískerja ehf. dagsett 27. júlí 2015.

Sveitarstjórn samþykkir samstarf við Þrísker um upplýsingamiðstöð í Flatey á sama hátt og á fyrra ári, gert var ráð fyrir því við gerð fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.

7. 1508004 – Vargeyðing á vegum Æðarvéa, ósk um kostnaðarþátttöku.

Erindi frá Helgu Maríu Jóhannesdóttur f.h. Æðarvéa, dagsett 1. ágúst 2015.

Sveitarstjórn samþykkir kostnaðarþátttöku við vargeyðingu kr. 20.000. Samþykkt samhljóða.

8. 1508005 – Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.

Erindi frá Árborg dagsett 4. ágúst 2015.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

9. 1508006 – Ósk um samstarf.

Erindi frá Hólabúð dagsett 17. ágúst 2015

Sveitarstjóra og forstöðumanni mótuneytis falið að funda með aðilum og ræða erindið Samþykkt samhljóða.

10. 1508015 – Lagfæring Eyrarréttar, ósk um styrk.

Erindi frá Svandísi Reynisdóttur dagsett 15. júlí 2015.

Sveitarstjórn telur ekki fært að verða við erindinu á þessu ári, ekki er gert ráð fyrir fjármunum í fjárhagsáætlun, en mun taka erindi til greina við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1508007 – Dagur íslenskrar náttúru.

Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 13. ágúst 2015.

Erindið lagt fram.

2. 1508008 – Lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.

Erindi frá Varasjóði húsnæðismála dagsett 21. maí 2014.

Erindið lagt fram.

3. 1508009 – Breyting á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Samtaka íslenskra sveitarfélaga.

Erindi frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga dagsett 8. júlí 2015.

Erindið lagt fram.

4. 1508010 – 145. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerðin lögð fram.

5. 1503020 – Fundargerð heilbrigðisnefndar 12. júní 2015.

Fundargerðin lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.
